



Reykjavík, 31. ágúst 2023

Stekkjarbakki 1 - fyrirspurn- niðurrif húss - USK23080118

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. ágúst 2023, um niðurrif húss á lóð nr. 1 við Stekkjarbakka. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 19. júní 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Stekkjarbakki 1 (Skálará) á grænu útivistarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Elliðaárdalur – Stekkjarbakki sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. nóvember 2019. Fram kemur að húsið Stekkjarbakki 1 (Skálará) á grænu útivistarsvæði og er án lóðar.

Umsögn

Í fyrirspurn umhverfis- og skipulagssviðs er „óskað eftir umsögn Skipulagsfulltrúa vegna fyrirhugaðs niðurrifs húsnæðisins Skálará. Húsnæðið er ónýtt og hættulegt í því ástandi sem það er núna. Búið er að hafa samband við Borgarsögusafns og Minjastofnunar Íslands sem gera ekki athugasemd við niðurrifið.“

Í bréfi frá Minjastofnunar til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 19. júní 2023 er farið yfir stöðu hússins skv. varðveislumati Borgarsögusafn. Niðurstöður eru að „Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að húsið Skálará verði rífið.“

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisskipulags.